

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Ytri-Bakki.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á landnotkun í landi Ytri-Bakka:

Framtíðarsvæði fyrir íbúðarbyggð, skógrækt og tún verða svæði fyrir íbúðarbyggð.

Jafnframt er sýnd tenging við Hjalteyrarveg.

Opinber þjónusta og opin svæði óbyggð verða svæði fyrir frístundahús.

Lögbýli og tún verður íbúðarhús með rúmlega eins hektara lóð.

Skógræktarsvæði verður að hluta svæði fyrir sumarhús.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður sumarhús og skógrækt.

Lögbýli/landbúnaðarmannvirki verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*